

NATHAN & OLSEN

Kaupum

Bætur og Garnir.

Og allar aðrar útflutningsafurðir

MORGENAVISEN BERGEN

er et af Norges mest læste Blade og er særlig i Bergen og paa den norske Vestkyst udbredt i alle Samfundslag.

MORGENAVISEN er derfor det bedste Annonceblad for alle som ønsker Forhindelse med den norske Fiskeribedrifts Firmaer og det øvrige norske Forretningliv samt med Norge overhovedet.

MORGENAVISEN bør derfor læses af alle paa Island.

Annoncer til Morgenavisen modtages i Morgenbladid's Expedition.

J. Chr. Giertsen, København K.

Strandgade 27. Telegramadresse: Sildgiertsen.

Stærsta umboðsverslun í Danmörku í saltaðri síld. Tekur allar íslenskar afurðir til sölu. Fljót sala er ábyrgst, fyrir hæsta markaðsverð. Fyrirspurnum er svarað samstundis.

Reference: Den Danske Landmandsbank, Torvegade 49, København.

Handklæði

ódyr.

Rekkjuvöðir

ágætar

Útbú Egill Jacobsen

Sími 800.

Gummislöngur

1", 1/3" & 1/2"

Kranaslöngur
Gasslöngur

fyrirliggjandi

H. Einarsson & Funk.

Kvenvetrarkápur

nokkrar óseldar.
Verðið mjög lágt.

Nærfatnaður

úr baðmull, ull og silki, á konur, karla og börn, mest úrval hjer. Ódýrast hjer af þeirri ástæðu, að allar vörur eru keyptar heim beint frá framleiðanda.

Mikið úrval af karlmanns-alfatnaði og vetrarfrökkum. Komið, skoðið og kaupið.

Vöruhúsið.

Smjörlíkisgerðin Ásgarður.

Húsrúm nýlega aukið og nýjar og stærri vjelar fengnar.

Smjörlíkisgerðin Ásgarður hjer í bæ, hefir nýlega aukið húsrými sitt, að allverulegu leyti, og fengið nýjar og stærri vjelar til framleiðslunnar. Hefir danskur verkfræðingur, Þorsdal að nafni, sjerfræðingur í þessari grein og þau vanur niðurstæðing smjörgerðar vjela, verið hjer undanfarið og sett niður hinar nýju vjelar og lagt á ráðin með fyrirkomulag að verksmiðjunni.

Smjörlíkisgerðin Ásgarður tók til starfa 1923, og hafði þá aðsetur sitt á Norðurstíg. En brátt jókst framleiðslan svo, að fá varð stærra húsplass og betri og afkastameiri vjelar. Flutti verksmiðjan því á Nýlendugötu 10, 1925, og hefir þar aðsetur sitt nú.

Blaðamönnum var í gær boðið að líta á hinar nýju vjelar og fyrirkomulag alt í verksmiðjunni.

Uppi á lofti eru ker mikil, í sjerstöku herbergi, þar sem brætt er við gufuhita kókosfeiti og hitaðar ýmsar olíur, sem notaðar eru í smjörlíkið. Þá er þar og í öðru herbergi önnur ker, þar sem mjólk in er gerilsneydd og sýrð.

Úr þessum kerum er svo feitin og olfunar leiddar niður af loftinu í pípum, niður í ker mikið, og síðan á þeirri leið. Blandast olfunar og feitin þar. Þá kemur og mjólk in um aðra pípu niður af loftinu í geymir eða ker. Fer þá að nálgast samruni mjólku og feiti. Er nú hvortveggja, mjólk in og feitin leidd í vjel eina, er hrærir alt saman, og þarf 10 hestafila mótur til þess að hreyfa þá vjel. Þegar hún hefir gengið frá smjörlíkisefninu, er það hæft til

strokkunar, og er leitt í rennum í strokkinn; tekur hann 450 kg. í einu og gengur fyrir rafmagni. Er hann mikið bákn. Þegar strokkurinn hefir unnið sitt starf, er smjörlíkið enn látið í einskonar hnoðunaryjel, til þess að jafna það enn betur, ef ske kynni, að í því væru kekkir. Þegar því er lokið, er smjörlíkið tilbúið til notkunar, og því ekið að síðustu vjelinni, sem vegur það og sker í ákveðina þunga. En síðan er það tekið og sett í umbúðir og látið í kassa.

— Verksmiðjan framleiðir á degi hverjum tæpt tonn af smjörlíki. Býr hún það til tvennskona, til átu og bökunar, og ennfremur framleiðir hún palmín.

Í smjörlíkisgerðinni er þrifnaður og umgengni öll hin vandaðasta. Enda líkar Hjartaásmjörlíki þrýðilega, og vinnur meiri og meiri fótfestu á íslenskum markaði. Er það vel farið, þegar ris upp innlendur iðnaður, sem kept getur við þann erlenda að gæðum og verði. Er smjörlíkisíðnaðurinn áreiðanlega ein sú iðnaðargrein.



Björn Blöndal
læknir.



Aðfaranótt þriðjudags andaðist að heimili sínu á Siglufirði, Björn Blöndal, læknir. Hann varð fyrir því slysi ekki alls fyrir löngu, að detta á götu á Siglufirði og lærbrotna. Mjög var hann farinn að heilsu. Þetta áfall dró hann til dauða.

Björn Blöndal var sonur Gunnlaugs Blöndals sýslumanns í Barðastrandarsýslu. Móðir hans Sigríður, var dóttir Sveinbjarnar skólastjóra Egilssonar. Björn var fæddur 19. september 1865. — Hann útskrifaðist úr Latínuskólanum 1885, úr læknaskólanum 1889. — Eftir utanlandsför varð hann læknir í Norður-Þingeyjarsýslu. Um aldamót varð hann læknir í Miðfjarðarhjerði; þar var hann uns hann ljét af læknisstörfum fyrir allmörgum árum.

Björn Blöndal hafði fengið ríka listhneigð að erfðum. Hún mótaði líf mannsins mest.

Hann var söngmaður ágætur; ljek matavel á orgel, fekkst við tónsmíðar, teiknaði. Listhneigð hans var svo sterk, að hann átti erfitt með að samlagast erfiðsvinnu daglega lífsins.

Alstaðar var hann vel látinn, enda drengur hinn besti, ósjerhlífinn, ör og glaðvær. En mönnum datt fljótt í hug við viðkyningu,

Ennþá

hefir bæst við fallett og stórt úrval af
Golfreyjum og
Kvenvetrarkápum

Fatabúðina.

Fjallkonu-
sko-
svertan



Hf. Efnagerð Reykjavíkur.

Imperial Preference

er heitið á nýrri tegund
vindlinga frá

ABDULLA

í pökkum á 20 stk. Seldar
í smásölu á 1,50 pakkinn.

Reynið þessa ágætu
tegund.

Hinar margeftirspurðu

Keillers

„County Caramels“

nýkomnar aftur.

Tóbaksverzlun Íslands h.f.



Sími 27

heima 2127

Málning

að hann hefði aldrei komist á þá hyllu í lífinu, sem eðli hans benti til. Listamannsbrautin var hjer lokuð á uppvaxtarárum hans.

Bót á þeirri raun fekk Björn síðustu æfiár sín, að því leyti, að hann sá Gunnlaug son sinn þroskað og framast, sem efnilegan málara. Örfáir íslenskir listamenn hafa fengið eins alment lof erlendis eins og Gunnlaugur. Hann kom heim úr fjöggra ára Parísarvöi rjett áður en faðir hans fekk áfall það, er dró hann til dauða.

Þetta hefir ræst úr þjóð vorri síðustu 40 árin. Björn heitinn varð með sína hæfileika að kúlðrast í erfíðum læknishjeruðum. Hinar kulnuðu listamanns vonir Björns hafa fengið að vakna til þroska í hinum efnilega syni.

Björn var giftur Sigríði Möller. Lífir hún mann sinn.



„Esja“

fer hjerðan á laugardag 1. október klukkan 6 síðdegis, austur og norður um land.

Vörur afhendist á morgun (fimmtudag) eða fyrir hádegi á föstudag.

Á laugardag tókum vjer ekki við vörum.

Farseðlar sækist á morgun



Maltöl
Bajersktöl
Pilsner.

Best. - Odýrast.
Innlent.



Ms. Dronning
Alexandrine

fer í kvöld kl. 8.

Farþegar sækja farseðla
fyrir hádegi í dag.

C. Zimsen.

Saltkjöt

frá Steingrímsfirði er alpekt að gæðum, fæst smáhöggiðsykursaltað, eða stórhöggiðlinsaltað. Spyrjið um verð í síma 834.

Oddeyrarkaupin. Ragnar Ólafsson, núverandi eigandi Oddeyrarinnar, bauð Akureyrarkaupstað Oddeyrina til kaups, og skyldi mega velja um tvo borgunarskilmála: 120 þúsund krónur, með 6% vöxtum, er greiddist á 40 árum, og 100 þúsund, er greiddist á tveim árum. Nýlega hefir bæjarstjórnin samþykkt að ganga að 120 þúsund króna kaupverðinu og greiða þá upphæðina á 40 árum.